

Íslenska 10. bekkur

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir; Guðlaugur Viðar
Valdimarsson

10

Markmið:

Að nemendur:

- kunni að greina alla orðflokka í íslensku og beygingaratriði þeirra.
- þjálfist í að tjá sig og beita mismunandi stíl í rituðu máli m.t.t. viðtakenda og efnis.
- lesi mismunandi texta og kunni að beita mismunandi lestraraðferðum.
- þekki og geti notað helstu hugtök í umfjöllun um bókmenntir.
- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega.
- kunni að nýta sér hjálpargögn á netinu

Námsefni:

Logar; texta og verkefnabók í íslensku

Málið í mark; Óbeygjanleg orð, málfræðihefti og verkefni á netinu

Hugfinnur og Málfinnur; Handbækur í íslensku

Undur, Gísla saga, og fleiri bækur til lestrar

Kennsluaðferðir:

Ágúst - september

Logar 2. kafli; Mennta bækur?

Logar 6. kafli; Leikur með ritun og kvikar myndir

Málið í mark; nafnháttarmerki, upphrópanir, forsetningar

Undur; lestur og verkefni

Október

Logar 6. kafli; Leikur með ritun og kvikar myndir

Málið í mark; samtengingar

Undur, Lestur og verkefni

Yndislestur

Nóvember

Logar 4. kafli; Eigi skal höggva eða þannig sko

Málið í mark; atviksorð

Gísla saga og verkefni

Deember

Logar 5. kafli; Hvað er málið?

Málið í mark; atviksorð

Gísla saga, yndislestur

Janúar

Logar 5. kafli; Hvað er málið?

Málið í mark; Bland í poka

Laxdæla, Yndislestur

Námsmat:

Símat og lokapróf

G.Í. íslenska 10. bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- Nýtir aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáir skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstyður þær og velur þeim miðil sem hentar

G.Í. íslenska 10. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Les almenna texta af öryggi og með góðum skilningi og getur lagt mat á þá og túlkað
- Getur leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- Getur beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð

G.Í. íslenska 10. bekkur - Málfræði

- Áttar sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra

Íslenska fyrir 8.-10.bekk - Ritun

- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.